

# Rafípróttadeild KR



## Stjórn:

Þórir Viðarsson, formaður

Aron Ívarsson, varaformaður

Arnór Ingvi Traustason



# Starf rafíþróttadeildar KR

Starfsemi rafíþróttadeildar hefur þróast og vaxið gífurlega hratt síðustu mánuði og ár. KR hefur ákveðið að taka þátt í þessari hreyfingu og stofna Rafíþróttadeild KR. Markmiðið er að efla keppni í tölvuleikjum og opna fyrir félagsstarf fyrir alla aldurshópa. KR hefur tækifærið að skapa félagslegt og stuðningsríkt umhverfi fyrir áhugasama, þar sem iðkendur læra ekki aðeins að spila tölvuleikina heldur einnig efla samskipti, samvinnu, samkennd og sjálfsgæta um leið og þau fá að leggja stund á áhugamál sitt. Einnig verður lögð áhersla á heilbrigða spilahætti, t.d. rétta líkamsstöðu og heilbriggt lífni. Það er okkar markmið að allir iðkendur rafíþróttardeildar KR fái jákvæða félagslega örvun og kynnist krökkum með sömu áhugamál.

Rafíþróttardeild KR vill efla keppni í tölvuleikjum á Íslandi og stuðla að bætingu spilara með markvissum æfingum og heilbrigðum spilaháttum. Við viljum einnig styðja við virka samkeppni innanlands sem og hjálpa íslenskum spilurum að komast í fremstu raðir. Þessu viljum við áorka með því að skapa félagslegt og stuðningsríkt umhverfi fyrir spilara landsins sem vilja koma saman og bæta sig. Það er okkar trú að markviss æfing á tölvuleikjum í réttu umhverfi getur haft jákvæð áhrif á spilara.

KR getur boðið upp á aðstoðu með Playstation tölvum og skjám fyrir námskeið í Frostaskjóli, þar sem aldurshópum verður skipt niður til að spila og læra um tölvuleikina FIFA og Fortnite. Einnig mun skákherbergið í KR bjóða upp á aðstoðu til að spila PC tölvuleiki, þar sem hægt verður að spila Counter-Strike, League of Legends og Fortnite, til að byrja með. Samstarf verður með félagsmiðstöðinni Tjörnin, og eru vanir spilarar tilbúnir til að veita aðstoð og leiðsögn um hvernig skal hátta sig í spiluninni. Einnig verður stutt við efni Rafíþróttaskóla Íslands, en þau hafa unnið í marga mánuði að góðum viðmiðum og kennsluaðferðum í tölvuleikjaspilun.

Fyrir iðkendur verður möguleiki að taka þátt fyrir hönd KR á hinum ýmsum keppnismótum sem Rafíþróttasamband Íslands verður með á döfinni. Það verður meistaraflokkur í öllum helstu keppnistölvuleikjum sem eru Counter-Strike, League of Legends og FIFA, en þau lið munu einnig taka þátt í erlendum mótum fyrir hönd KR. KR var með lið í Counter-Strike í Lenovo deildinni, en hún sló í gegn hjá aðdáendum með því að bjóða beina útsendingu bæði í Counter-Strike og League of Legends. Í framhaldinu munu vera haldinn mót þar sem yngri spilarar hafa einnig möguleika að spila gegn öðrum spilurum frá öðrum félögum.



# Áætlaður Fjöldi Þáttakenda

## Uppbygging námskeiða:

- 2 tímar á viku fyrir hvern aldurshóp.
- 12 iðkendur í hverjum hóp, engin kynjaskipting.
- 2 þjálfarar verða viðstaddir á hverjum tíma.
- Lengd námskeiða er 8 vikur.
- Hver tími er 90 mínútur, þá 30 mínútur í upphitun, stöðuæfingar og spjall, og svo 60 mínútur spilatími.
- Tímabil verða 3 talsins; september-október, nóvember-desember, janúar-febrúar
- Í mars mánuði munu síðan vera stillt upp keppnismóti fyrir alla iðkendur í viðkomandi leikjum.

## Aldurskipting:

- 6-8 ára: FIFA, Rocket League
- 9-12 ára: FIFA, Rocket League
- 13-15 ára: League of Legends, FIFA, Fortnite, Rocket League
- 16+: Counter-Strike, League of Legends, FIFA, Rocket League

## Rekstraráætlun:

- Verð fyrir 8 vikna námskeið 35.000 kr. fyrir einstakling. Innifalið verður aðgangur að tækjabúnaði í Frostaskjóli.
- Hver tími mun þá kosta hvern iðkanda 2.817 kr.

Rafíþróttadeild KR reiknar með mjög góðri þáttöku næstkomandi haust og vetur. Aðstaðan mun vera í Frostaskjóli, eitt herbergi fyrir Playstation 4 leiki og annað fyrir PC leiki. Iðkendur munu spila í pörum við PC vélar og fjögur saman í Playstation 4.



## Rafíþróttadeild KR

### Kostnaðaráætlun

Kostnaðarliðir	Ein.verð	Magn	Áætlun
Playstation 4	49,995	2	99,990
Stýripinnar PS4	6,995	2	13,990
HyperX Blast leikjastóll	34,900	2	69,800
Borð	15,000	2	30,000
Aukahlutir: kaplar og fjöltengi	20,000	1	20,000
PC keppnisvélur	280,000	6	1,680,000
HyperX Blast leikjastóll	34,900	10	349,000
Asus Cerberus lykklaborð	6,995	10	69,950
SteelSeries Sensei mús	7,995	10	79,950
Razer Electra heyrnatól m/mic	9,495	10	94,950
Borð	15,000	8	120,000
Aukahlutir: kaplar og fjöltengi	20,000	2	40,000
<b>Samtals:</b>			<b>2,667,630</b>
Leiga á húsnæði per mán	100,000	1	100,000
Kostnaður við þjálfun per mán	100,000	1	100,000
<b>Á mánuði:</b>			<b>200,000</b>